

1872.

14. ágúst.

sent stiptamtinu¹, mælumst vèr til, að fá álit yðar um, hverjar ráðstafanir muni hagfelldastar, eptir því hvernig til hagar á Íslandi, til þess, að koma í veg fyrir, að kvikfjárpest og yfirhöfuð næmar sóttir meðal taminna dýra komist þangað.

14. ágúst.

82. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptyfirvaldanna yfir Íslandi, um bænarskrá um stofnun prentverks í suðurumdæminu.

Með bræfi, dagsettu 26. f. m., hafa stiptyfirvöldin sent hingað nákvæmari upplýsingar, sem stjórnarráðið hafði mælt til í bræfi 18. maí að fá, útaf bænarskrá þeirri, sem fyr hafði horizt hingað, þar sem fyrrum yfirdómari Benedikt Sveinsson sækir um leyfi til að stofna prentsmiðju í suðurumdæmi Íslands, og láta prenta þar hvað eina, sem fyrir fellur.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtið það, að eptir innihaldi álitsskjals yðar, herra stiptamtmaður, og yðar, háæruverðugi herra, 13. marz. þ. á., um tæða bænarskrá, og þeim upplýsingum, sem vèr að öðru leyti höfum fengið, finnur stjórnarráðið ekki tilefni til að veita það leyfi, sem sókt er um.

¹) Auglýsingin er prentuð í Stjórnarráðsáðindum Dana (Departements-Tidende) 1866 og hinu danska Lagasafni, en hefir aldrei verið birt á Íslandi.